



ORKUSTOFNUN

Berggrunnskortlagning milli Svörtukamba og Grænafjallgarðs. Áætlun

Elsa G. Vilmundardóttir

Greinargerð EGV-98-01

BERGGRUNNSKORTLAGNING MILLI SVÖRTUKAMBA OG GRÆNAFJALLGARÐS Áætlun

Á milli berggrunnskortanna Tungnaárjökull 1913 I (í handriti), Botnafjöll 1913 IV 1990, Sigalda - Veiðivötn 3340 1988 og Skaftárveita - berggrunnskort 1997 er þríhyrnt svæði, sem er utan marka ofangreindra korta og rennur Tungnaá þar á um 20 km kafla, sbr. meðfylgjandi yfirlitskort. Mestur hluti svæðisins tilheyrir vatnasviði Tungnaár.

Sá hluti svæðisins, sem er vestan Tungnaár var tekinn með þegar kortlagt var vestan árinna enda er aðkoma að þessum hluta þríhyrningsins auðveld og þar eru ýmsar gosmyndanir sameiginlegar með áðurnefndum kortum. Það sama verður ekki sagt um landið á austurbakka Tungnaár. Þar er jarðfræðin töluvert flókin, þrjár goseiningar eða jafnfvel fleiri sem þarf að greina á milli og hluta af svæðinu, við Klakkafell og Giljabrúnir þar norðaustur af, verður að ganga. Kortlagninguna þarf að tengja við berg Faxasunda og svæðisins þar fyrir sunnan og suðvestan. Ekki er hægt að ætlast til þess að fólk vinni eitt á þessu svæði, sem er afskekkt og fáir leggja leið sína um það.

Á meðfylgjandi mynd, eru sýnd í grænum lit aðliggjandi svæði, sem hafa verið kortlögð og til eru frágengin kort af eða í vinnslu. Þríhyrningurinn er sýndur í rauðum lit.

Gert er ráð fyrir að það taki 10 daga að kortleggja "Þríhyrninginn" og fylgja myndunum hans eftir inn á aðliggjandi svæði einkum til suðurs og suðvesturs. Af þessum 10 dögum fer einn í akstur að og frá rannsóknarsvæðinu. Gistiaðstaða er í skúr sunnan við Sveinstind.

Kostnaðaráætlun

	kr/einingu	einingar	krónur
Ferðak.:			
Undirbúningur	3596	16 t.	57.536
Ferð (2 menn)	3596	240 t.	863.040
Dagpeningar	8.500	18 d.	153.000
Fæðispeningar	3700	2 d.	7.400
Bíll	9018	10 d.	90.180
Annar kostn.:			
Efnagreiningar	40	2000	80.000
Úrvinnsla:			
Kort, skýrsla	3596	200 t.	719.200
Tölvugjald (A/I)		15%	53.940
-			
Samtals			2.024.296


Staða grunnkorta á Þjórsár- og Skaftárvæði




Stafrænt unnin kort



19970321 SV



Skönnuð og vigrúð kort



Kort á filmum

0 20 km

